

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Nýja tónlistarskólann.

1. gr.

Nýi tónlistarskólinn var stofnaður árið 1978 að frumkvæði Ragnars Björnssonar. Ragnar bjó síðast í Grundarlandi 19 í Reykjavík (kennitala hans 270326-4479). Hann lést 10. október 1998.

Í skólanefnd skólans sátu frá upphafi þeir Garðar Ingvarsson hagfræðingur, formaður, Ólafur Skúlason, dómþrófastur og síðar biskup, Dr. Gylfi P. Gíslason, professor og fyrrverandi menntamálaráðherra og Árni Bergmann ritstjóri. Skólinn hefur starfað í samræmi við lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985. Frá upphafi hefur skólinn verið rekinn sem sjálfsignarstofnun án þess að hafa staðfesta skipulagsskrá

Stofnandi sjálfsignarstofnunarinnar um skólann nú með skipulagsskrá þessari er Nýi tónlistarskólinn sjálfur, kt. 420179-0229, Grensásvegi 3, Reykjavík.

2. gr.

Nýi tónlistarskólinn er sjálfsignarstofnun með staðfesta skipulagsskrá og með heimili og varnarþing í Reykjavík.

3. gr.

Nýi tónlistarskólinn skal fullnægja ákvæðum laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, reglugerðar nr. 140/2008 um sama efni og laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

4. gr.

Stofnfé skólans er kr. 1.197.000, milljón eitt hundrað nítíu og sjö þúsund krónur, sem kemur allt frá Nýja tónlistarskólanum og starfsemi hans samkvæmt stofnefnahagsreikningi. Stofnfé skal haldast óbreytt að raungildi og má ekki skerða. Sjálfsignarstofnunin yfirtekur alla starfsemi Nýja tónlistarskólans, eignir hans og skuldbindingar samkvæmt stofnefnahagsreikningi 31. júlí 2018. Ríkisskattstjóri hefur samþykkt að Nýi tónlistarskólinn haldi á grundvelli þessarar skipulagsskrár kennitölunni 420179-0229, sem skólinn fékk árið 1979, en upphaflega kennitalan vísar til félagasamtaka.

5. gr.

Tilgangur og markmið skólans er að efla almenna tónmennt í landinu með sérstakri áherslu á kennslu á öllum stigum tónlistarnáms. Nám og próftihögun skal skilgreind í námskrá skólans. Fjármunum skólans skal varið til að ná markmiðum samkvæmt þessari grein.

6. gr.

Markmiðum sínum hyggst skólinn ná með því að starfa samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1985 á grundvelli ákvarðana skólanefndar Nýja tónlistarskólans, sem hefur hliðsjón af tillögum Velunnarafélags Nýja tónlistarskólans.

7. gr.

Skólinn starfar frá 1. september til 31. maí ár hvert. Skólastarf skal að öðru leyti vera með sama hætti og í grunnskólum landsins.

8. gr.

Ekki er krafist inntökuprófs við upptöku í skólann. Skólinn áskilur sér rétt til að synja nemanda um skólavist ef kennari og skólastjóri telja hann óhæfan til námsins.

## 9. gr.

Nemendum skólans er skyldt að taka þátt í tónleikum skólans svo og öllum hliðargreinum námsins eftir fyrirmælum skólastjóra. Að öðru leyti er nemendum óheimilt meðan á námi í skólanum stendur að koma fram opinberlega án leyfis skólastjóra.

## 10. gr.

Fjárhagsgrundvöllur skólans er byggður á eftirfarandi:

- Lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, einkum II. kafla.
- Rekstrarstyrkjum borgarsjóðs Reykjavíkur.
- Skólagjöldum nemenda.
- Gjöfum, styrkjum og öðrum framlögum sem skólanum áskotnast.

## 11. gr.

Með stjórn skólans fer sérstök skólanefnd sem skal þannig skipuð:

- Einn fulltrúi tilnefndur af borgarstjórn Reykjavíkur samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 75/1985.
- Tveir fulltrúar, kosnir af Velunnarafélagi Nýja tónlistarskólans á aðalfundi Velunnarafélagsins, sbr. e-lið 5. gr. samþykktá þess.

Fyrir hvern nefndarmann samkvæmt 1. mgr. skulu kjörnir og tilnefndir varamenn með sama hætti og aðalmenn. Skólanefndarmenn og varamenn þeirra skulu kosnir eða tilnefndir til árs í senn. Varaþáður tekur sæti í skólanefnd í forföllum aðalmanns. Ef borgarstjórn Reykjavíkur óskar ekki því að tilnefna skólanefndarmann og varamann hans skal Velunnarafélag Nýja tónlistarskólans kjósa fulltrúa í hans stað ásamt varafulltrúa.

Kennarfundur Nýja tónlistarskólans skal tilnefna einn áheyrnarfulltrúa til setu á skólanefndarfundum með tillögurétt og málfrlesi. Fundurinn skal jafnframtilnefna varamann hans. Skólastjóri skal jafnfram sitja skólanefndarfundi með tillögurétt og málfrlesi.

Skólanefndin skiptir með sér verkum, velur sér formann, varaformann og ritara. Varaformaður skal jafnfram sitja skólanefndarfundi með tillögurétt og málfrlesi.

## 12. gr.

Skólanefnd skólans ræður málefnum Nýja tónlistarskólans, tekur allar ákvárdanir um starfsemi hans og fer með fjáreiður hans í samræmi við meginreglur laga nr. 75/1985, skipulagsskrár þessarar og laga nr. 19/1988. Hún skuldbindur skólann gagnvart öðrum aðilum og er undirskrift meirihluta stjórnar nægileg til þess. Framtíðarstefnumörkun skólans og meiriháttar breytingar skal skólanefndin kynna Velunnarafélagi Nýja tónlistarskólans.

Eigi síðar en 1. október ár hvert skal skólastjóri leggja fyrir skólanefndarfund skýrslu um starfsemi skólans á liðnu starfsári svo og endurskoðaða reikninga skólans fyrir síðastliðið reikningsárá.

Skólanefnd skólans ákveður laun sín sjálf, sem skulu ekki vera hærri en laun sambærilegra skólanefnda tónlistarskóla á landinu.

## 13. gr.

Aðalfundur Velunnarafélags Nýja tónlistarskólans er skólanefnd innan handar um framtíðarstefnumál skólans og einstök meiriháttar málefni.

Á aðalfundi Velunnarafélags Nýja tónlistarskólans skulu auk skólanefndarmanna samkvæmt 11. gr. kosnir tveir endurskoðendur skólans, þar af annar löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfélag.

Ef Velunnarafélag Nýja tónlistarskólans hættir störfum eða er lagt niður og tilnefningar berast ekki frá því í skólanefnd skv. 11. gr. og val endurskoðenda fer ekki fram skv. 2. mgr. 13. gr. skulu sitjandi skólanefndarmenn, varamenn þeirra og starfandi endurskoðendur starfa áfram eða tilnefna fulltrúa eða annan aðila í sinn stað.

## 14. gr.

Formaður boðar til skólanefndarfunda. Þegar ný skólanefnd hefur verið kosin skal fráfarandi formaður boða hina nýkjörnu skólanefnd á fund og gangast fyrir kosningu formanns.

Formanni er skyldt að boða til skólanefndarfunda ef a.m.k. tveir skólanefndarmenn krefjast þess eða skólastjóri.

Formaður stýrir fundum skólanefndar, í fjarveru hans varaformaður. Skólanefndarfundur er aðeins ályktunarfær þegar skólanefndin er fullskipuð annaðhvort af aðalmönum eða varamönum. Falli atkvæði jöfn á skólanefndarfundi, skal atkvæði skólanefndarformanns ráða úrslitum. Gerðir skólanefndar skulu færðar í sérstaka gerðabók skólans sem skal vera í vörslum skólans.

#### 15. gr.

Skólanefnd skal skipa þriggja manna kennsluráð að lágmarki, sem er skólastjóra til aðstoðar og ráðgjafar við daglegt skólahald. Í kennsluráði skulu sitja skólastjóri og tveir kennrarar skólans, skipaðir af skólanefnd að fengnum tillögum kennarafundar til tveggja ára í senn. Kennsluráð skal skýra skólanefnd frá daglegum störfum sínum, munnelega eða skriflega eftir því sem skólanefnd óskar. Kennsluráði er óheimilt að taka neinar fjárhagslegar ákvárdanir fyrir hönd skólans.

Skólanefnd er heimilt að leyfa tímabundna þátttöku fleiri einstaklinga í störfum kennsluráðs, en þó einungis sem áheyrnarfulltrúa.

#### 16. gr.

Skólanefnd ræður skólastjóra og setur honum erindisbréf.

#### 17. gr.

Skólastjóri er framkvæmdastjóri skólans. Hann sér um og ber ábyrgð á rekstri skólans og ræður kennara og annað starfsfólk. Skólastjóri skal kynna skólanefnd allar slíkar ráðningar og afla samþykkis hennar fyrir ráðningu fastra kennara. Skólastjóri skal veita skólanefnd upplýsingar um rekstur skólans og stöðu eftir því sem ástæða þykir til. Skólastjóri sér um reikningshald fyrir skólann og ber á því ábyrgð gagnvart skólanefnd.

#### 18. gr.

Reikningsár skólans er frá 1. ágúst til 31. júlí árið á eftir. Endurskoðendur skulu hafa lokið endurskoðun fyrir lok októbermánaðar. Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fyrir skólanefnd skólans og aðalfund Velunnarafélags Nýja tónlistarskólans. Einnig skal ársreikningur ásamt skýrslu skólanefndar sendur ríkisendurskoðanda, sbr. 3. gr. laga nr. 19/1988, og borgarendurskoðanda Reykjavíkurborgar.

#### 19. gr.

Skólinn skal senda áætlun um fyrirhugaða kennslu á komandi fjárhagsári til borgarstjórnar Reykjavíkur eigi síðar en 1. maí ár hvert í samræmi við 8. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Einnig skal í greinargerð skýra fyrirhugaðar breytingar á kennslu og kennslumagni.

#### 20. gr.

Til þess að sameina stofnunina annarri sjálfsignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra skólanefndarmanna. Slíkt skal svo borði skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Ef Nýi tónlistarskólinn hættir störfum skal Reykjavíkurborg varðveita eignir hans þar til eignanna er þörf við rekstur annars tónlistarskóla á sama starfssvæði, sbr. 6. gr. laga nr. 75/1985. Komi til niðurlagningar skólans skal að öðru leyti farið samkvæmt lögum nr. 19/1988.

#### 21. gr.

Skipulagsskrá Nýja tónlistarskólans verður aðeins breytt ef meirihluti skólanefndar Nýja tónlistarskólans leggur slíkt til og samþykkir fyrir sitt leyti. Allar slíkar fyrirhugaðar breytingar skulu bornar áður undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Leita skal jafnframt staðfestingar viðkomandi yfirvalda á þeirri breytingu samkvæmt lögum. Skólanefnd Nýja tónlistarskólans skal kynna Velunnarafélagi Nýja tónlistarskólans fyrirhugaðar breytingar á skipulagsskrá áður en aflað er samþykkis viðkomandi yfirvalda.

Nr. 990

23. október 2019

22. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari, sbr. 1. gr. laga nr. 19/1988.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 23. október 2019,*

**Björn Hrafnkelsson.**

*Auður Steingrímsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 6. nóvember 2019